



Borgarráð

Reykjavík, 13. janúar 2026

MSS26010046

Erindisbréf - Starfshópur um hreystileikskóla

Lagt er fram til kynningar erindisbréf starfshóps um hreystileikskóla.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um hreystileikskóla.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Starfshópur um hreystileikskóla

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á næstu árum mun verða gríðarleg uppbygging leikskóla í öllum hverfum Reykjavíkurborgar í samræmi við aðgerðaáætlunina Brúum bilið. Spretthópur borgarstjóra um leikskólauppbygginguna lagði til í skýrslu sinni sem samþykkt var í borgarráði 22. maí 2025 að hafinn yrði undirbúningur að stofnun hreystileikskóla í borginni í samvinnu við íþróttafélög. Markmiðið er tvíþætt, að efla hreysti og heilbrigði leikskólabarna í takt við nýja menntastefnu og lýðheilsustefnu borgarinnar og hins vegar að nýta betur íþróttamannvirki borgarinnar. Því er mikilvægt að starfshópur sé skipaður og skoði þau tækifæri sem felast í uppbyggingu nýrra hverfa sem og í eldri hverfum þar sem hægt verði að stofna sérstaka hreystileikskóla eða fara í samstarf við íþróttafélög og nýta þannig íþróttamannvirki sem eru til. Í leikskólastarfi er lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu og útivist leikskólabarnanna og því falla hugmyndir um hreystileikskóla vel að öllu leikskólastarfi.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er kanna möguleika á uppbyggingu hreystileikskóla í borginni, þ.e. sérstaka hreystileikskóla eða skóla sem eru í nánú samstarfi við íþróttafélög.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Skoða og meta hvar eru tækifæri til uppbyggingar hreystileikskóla í borginni.
- Fara í samtal/viðræður við íþróttafélög sem hefðu áhuga á samstarfi um hreystileikskóla.
- Skoða hvernig hreystileikskóli samræmist menntastefnu og lýðheilsustefnu borgarinnar og ríkisins og hvernig megja nýta þær stefnur við útfærslu verkefnisins.
- Að leggja fram hugmyndir um nýtingu íþróttamannvirkja fyrir börn á leikskólaaldri.
- Skoði hvernig samstarfsverkefni hafi verið í gangi milli leikskóla og íþróttafélaga og meti hvernig þau geti nýst til að efla samstarfið með tilliti til aukinnar áherslu á hreyfingu í leikskólastarfi.

Starfshópurinn skipa:

Ólafur Brynjar Bjarkason, skóla- og frístundasvið (formaður).

Skúli Þór Helgason, fulltrúi Brúum bilið.

Elín Hrefna Ólafsdóttir, menningar- og íþróttasvið.

**Starfsmaður starfshópsins:**

Auður Ævarsdóttir, skóla- og frístundasvið.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Skrifstofa leikskólamála á skóla- og frístundasviði.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skal hafa lokið störfum fyrir 30. apríl 2026.

Reykjavík, 13. janúar 2026

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

[Tillögur að uppbyggingu leikskóla í Reykjavík Spretthópur um leikskólauppbyggingu](#)



Reykjavík